

SÁTT

Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. vegna samruna N1 hf. og Festi hf.

Kaup N1 hf. (hér eftir N1) á öllu hlutafé í Festi hf. (hér eftir Festi) fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og N1 hafa gert með sér eftirfarandi sátt samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga. Í henni felst að N1 skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c. samkeppnislaga.

I. kafli. Almenn ákvæði

1. gr.

Þörf á íhlutun

Að óbreyttu raskar samruni þessa máls samkeppni með umtalsverðum hætti. Því er nauðsynlegt að grípa til íhlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og N1 eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

2. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Markmið þessarar sáttar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að efla og vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til og bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem samruninn myndi annars leiða til. Til að ná þessu markmiði hafa þau fyrirmæli sem fram koma í sátt þessari eftirfarandi megintilgang:

- a. Að bregðast við samkeppniströskun sem tengist samþættingu eldsneytis- og dagvöruvyrirtækja sem af samrunanum leiðir.
- b. Að bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem felst í því að Festi er ekki lengur mögulegur keppinautur á eldsneytismarkaði.
- c. Að bæta og þar með auka aðgengi að eldsneyti í heildsölu og birgðarými eldsneytis og þjónustu Olíudreifingar hf. (hér eftir ODR) og með því m.a. bregðast við samkeppniströskun sem greinir í a-lið.
- d. Að vernda og efla samkeppni á eldsneytismarkaði og á dagvörumarkaði.
- e. Að vinna gegn skaðlegum áhrifum af sameiginlegu eignarhaldi á fyrirtækjum á mörkuðum málsins.

II. Aukið aðgengi endurseljenda að heildsölu eldsneytis

3. gr.

Aukið aðgengi að heildsölu eldsneytis

N1 skal selja þeim endurseljendum sem eftir því leita eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni enda sé um að ræða nýja aðila á eldsneytismarkaði. Með nýjum aðila er í ákvæði þessu

átt við aðila sem ekki hefur stundað innflutning, heildsölu eða geymslu á eldsneyti eða er í beinni eða óbeinni eigu aðila sem starfað hefur á framangreindum mörkuðum.

N1 er skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim endurseljendum sem kaupa eldsneyti af félaginu í heildsölu (e. *fair and non-discriminatory terms*). Skal N1 heimilt að gera málefnalegar kröfur til viðskiptavina, svo sem hvað varðar tryggingar.

Skal ákvæði þetta taka til allra tegunda eldsneytis sem N1 selur og skal kaupandi hafa val um afhendingarmáta, s.s. við birgðatank eða af olíuflutningabifreið. Heildsöluverð skal miða við allan kostnað við að selja eldsneytið, þ.m.t. innflutningsverð, álag birgja, almennt vörugjald, kolefnisgjald, vörugjald hafnar, virðisaukaskatt, rýrnun, dreifingu, bætiefni, fjárbindingu vegna birgða og krafna svo og annan sannanlegan kostnað vegna heildsölu til þess viðskiptamanns sem um ræðir. Skal heimilt að hafa mismunandi verð fyrir stök viðskipti annars vegar og föst viðskipti hins vegar en í því tilviki skal mismunur þar á svara til sannanlegs kostnaðarlegs hagræðis af ólíkum tegundum viðskipta. Allir almennir viðskiptaskilmálar sem gilda um þessi heildsöluviðskipti, aðrir en verð, skulu aðgengilegir á vefsíðu N1.

Heildsöluverðlagning N1 til nýrra aðila skal gera þeim kleift að keppa við smásölu N1. N1 er því óheimilt að beita nýja aðila verðþrýstingi.

4.gr.

Heildsölutengiliður N1

Sérstaklega tilnefndum starfsmanni N1 skal falið að annast samskipti við endurseljendur vegna heildsöluviðskipta og vera tengiliður við hugsanlega viðskiptavini. Skal þeim tengilið vera óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins, upplýsingar um viðskiptakjör og aðrar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar einstakra endurseljenda, sem eiga í samkeppni við N1. Skal viðhöfð aðgangsstýring að upplýsingakerfum N1 sem tryggir fullan trúnað um slíkar upplýsingar um viðskipti félagsins við endurseljendur.

Tengilið endurseljenda er óheimilt að greina öðrum starfsmönnum N1 frá fyrirspurnum eða umsóknnum um heildsöluviðskipti. Hið sama gildir um hvers konar aðrar upplýsingar sem tengiliðurinn býr yfir og geta gefið til kynna fyrirætlanir og starfsemi keppinauta N1. Tengiliðnum skal heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að geta gert endurseljendum tilboð í viðskipti og upplýsa þá starfsmenn N1 sem annast afgreiðslu viðskiptavina um viðskiptin eftir að þau hafa komist á.

Skal N1 útbúa starfslýsingu fyrir tengilið, þar sem a.m.k. er mælt fyrir um eftirfarandi:

- a. Trúverðuga verkferla og úrræði sem gera tengilið skylt og kleift að starfa í samræmi við markmið þessarar sáttar.
- b. Trúverðuga verkferla og úrræði sem tryggja að viðkvæmar upplýsingar frá endurseljendum, sem eiga í samkeppni við N1, berist ekki til annarra starfsmanna N1.

- c. Að tengiliði sé gert ljóst að brot á fyrirmælum sáttarinnar geti varðað N1 viðurlögum og eftir atvikum brottrekstri hans.
- d. Yfirlýsingu, sem tengiliður skal undirrita, þar sem hann skuldbindur sig til þess að gæta að trúnaði og starfa í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar.

III. Aukið aðgengi að þjónustu ODR

5. gr.

Aðgerðir N1 gagnvart ODR

Fyrir liggur að N1 fer ekki eitt með yfirráð ODR og ber að skoða neðangreind skilyrði í því ljósi.

N1 skal, sem annar eigandi ODR, beita atkvæðisrétti sínum innan ODR á þann hátt að aðgengi nýrra seljenda eldsneytis að birgðarými og þjónustu hjá félaginu verði greiðara. Nánar tiltekið skuldbindur N1 sig til þess að beita áhrifum sínum innan ODR til þess að eftirfarandi verði gert:

- a. ODR setji reglur þar sem tryggt er að nýir aðilar (sbr. 1. mgr. 3. gr.) eigi, eins og eigendur, aðgang að þjónustu ODR.
- b. Reglur ODR tryggi að öll þjónusta tengd eldsneyti, þ.m.t. leiga birgðarýmis, sé veitt þeim nýju aðilum sem eftir því óska án mismununar og á sanngjörnum og eðlilegum kjörum (e. *fair, reasonable and non-discriminatory terms*). Hið sama gildir um aðra þjónustu ODR.
- c. ODR setji sér verðskrá sem byggir á málefnalegum viðskiptalegum forsendum og er í samræmi við markmið sáttar þessarar.
- d. Aðgerðir sem ætlað er að tryggja að stjórn og starfsmenn ODR þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til þess að starfa eftir henni að því leyti sem hún tekur til ODR.

N1 mun leggja fram á hluthafafundi, og styðja, tillögu að breyttum starfsháttum ODR í því skyni að tryggja markmið þessarar sáttar. Tillagan fylgir með sátt þessari í viðauka. Skal N1 ekki leggja til breytingar á tillögunni nema að undangenginni umsögn óháðs kunnáttumanns og heimild Samkeppniseftirlitsins.

6. gr.

Skuldbindingar ODR

Verði tillögur N1, sem tilgreindar eru í viðauka og gilda munu gagnvart ODR, samþykktar á hluthafafundi ODR skulu þær vera skuldbindandi gagnvart ODR og brot á þeim varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga. Skal N1 þá sjá til þess eftir fremsta megni að ODR snúi sér til Samkeppniseftirlitsins og staðfesti skriflega að félagið fallist á umræddar skuldbindingar og að brot á þeim geti varðað viðurlögum. Skal þetta gert í formi sáttar ODR við Samkeppniseftirlitið, sbr. viðauka við sáttina.

7. gr.**Tillaga N1 ekki samþykkt**

Nú er tillaga N1 ekki samþykkt á hluthafafundi ODR og skal þá N1 hafa milligöngu um að kaupandi eldsneytisstöðva samkvæmt sátt þessari og aðrir nýir aðilar á eldsneytismarkaði geti notið þjónustu ODR á sömu kjörum og N1.

8. gr.**Enn frekari aðgangur að þjónustu ODR**

Nú samþykkir Samkeppniseftirlitið samruna Haga hf. og Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf. Skal N1 þá leggja fram og/eða styðja tillögu sem lögð verði fyrir hluthafafund ODR. Með þeirri tillögu skal tryggt að reglur ODR skv. 5. gr. og viðauka taki til allra seljenda á eldsneyti, þ.e. ekki aðeins til nýrra aðila.

9. gr.**Aðkoma N1 að ODR**

ODR er í eigu N1 og eins helsta keppinautar félagsins Olíuverzlunar Íslands hf. Í fyrri ákvörðunum samkeppnisyfirvalda hefur starfsemi ODR og aðkomu hlutahafa félagsins að starfseminni verið sett tiltekin skilyrði, n.t.t. í ákvörðunum samkeppnisráðs nr. 23/1995 og 21/2004. Að því leyti sem ákvæði þessarar sáttar ganga lengra en eldri skilyrði gilda þau gagnvart N1. Þá er jafnframt vísað til viðauka við sátt þessa þar sem tillaga til hluthafafundar ODR kemur fram.

Óháð því hvort tillaga N1 til hluthafafundar ODR er samþykkt skulu eftirfarandi ákvæði gilda um aðkomu N1 að ODR:

- a. Stjórnarmenn sem N1 skipar í stjórn ODR skulu vera óháðir N1. Tilnefndir stjórnarmenn N1 í ODR teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá N1, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem N1 eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður N1 eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.
- b. Þeir stjórnarmenn sem N1 skipar í ODR skulu ekki vera tengdir keppinautum N1 eða ODR í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald.
- c. Þeim aðilum sem N1 skipar í stjórn ODR er óheimilt að miðla viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um málefni ODR og viðskiptavina félagsins til N1.
- d. N1 er óheimilt að óska eftir því að ODR afli eða miðli hvers konar viðskiptalegum upplýsingum um núverandi eða mögulega keppinauta félagsins. Hið sama gildir um önnur félög undir virkum yfirráðum N1.

- e. Stjórnarmenn sem N1 skipar í stjórn ODR skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir muni fara að fyrirmælum þessarar sáttar og fyrri ákvörðunum samkeppnisyfirvalda sem varða starfsemi ODR.

IV. Aðgerðir til eflingar samkeppni í sölu dagvöru og eldsneytis

10. gr.

Sala eldsneytisstöðva

N1 skal í kjölfar undirritunar sáttar þessarar selja frá sér eldsneytisstöðvar eins og nánar greinir í ákvæði þessu ásamt vörumerkinu „Dælan“ til nýrra óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Með nýjum aðila í þessu ákvæði er vísað til aðila sem starfar ekki við smásölu bifreiðaeldsneytis eða er í beinni eða óbeinni eigu félags sem starfar á þeim markaði. Skal allt markaðsefni og annað sem vörumerkinu tengist fylgja með í sölunni. Nánar tiltekið skal eftirfarandi fylgja með að lágmarki:

- a. Eldsneytisstöð rekin undir merki Dælnnar við Fellsmúla í Reykjavík, eldsneytisstöð rekin undir merki Dælnnar við Hæðarsmára 8 Kópavogi, eldsneytisstöð rekin undir merki Dælnnar við Staldrið Reykjavík, eldsneytisstöð rekin undir merki N1 við Salaveg Kópavogi og eldsneytisstöð rekin undir merki N1 við Holtagarða Reykjavík.
- b. Fylgja skulu með öll réttindi sem N1 ræður yfir varðandi þær lóðir þar sem stöðvarnar eru og allt lausafé og búnaður sem á þeim eru og nauðsynleg eru til áframhaldandi rekstrar að frátöldum merkingum þar sem vörumerkið N1 kemur fyrir.

Þá skal eftirfarandi fylgja með í kaupunum nema kaupandi afþakki:

- a. Allt lausafé sem tengist starfsemi seldra eldsneytisstöðva sérstaklega, þar með talið merkingar (uppsettar og óuppsettar), tölvukerfi, skjáir, afgreiðslukerfi, eldsneytistankar og olúdælur ásamt öðru sem almennt fylgir rekstri sjálfsafgreiðslustöðva.
- b. Allt markaðsefni, þ.m.t. vefsíða Dælnnar, sem tengist Dælnni og réttindi yfir því og viðskiptasambönd við auglýsingastofur sem hafa séð um að útbúa markaðsefnið og halda við síðum / aðgangi Dælnnar á samfélagsmiðlum.
- c. Samningur við ODR um dreifingu á eldsneyti til Dælnnar / keyþra eigna ásamt leigu á birgðarými. Skal kaupandi hafa val um það hvort afhending fari fram við dælu eða á birgðastöð. Óheimilt er að verð fyrir þjónustu ODR sé hærra en það verð sem N1 hefur greitt ODR fyrir leigu á birgðarými og dreifingu á eldsneyti til eldsneytisstöðva N1 á höfuðborgarsvæðinu.
- d. Samningur við N1 um sölu á eldsneyti í heildsölu sem gilda skal ekki skemur en í fimm ár. Í samræmi við markmið sáttarinnar skal heildsöluverð til kaupanda eignanna gefa honum sérstakt færi á að stunda virka samkeppni. Skal heildsöluverð vera jafnt og sannanlegt kostnaðarverð, þ.e. þeim kostnaði sem sannanlega fellur til vegna sölu eldsneytisins til kaupanda. Til að tryggja þetta er óheimilt að heildsöluverð til kaupanda Dælnnar sé hærra en það verð sem miðað er við þegar eldsneyti er afhent til endursölu

á eldsneytisstöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt skal verðið á eldsneytinu vera lægra en almennt býðst hjá heildsölu N1, sbr. 3. gr. Skal samningurinn ekki fela í sér neina skuldbindingu um eldsneytiskaup af hálfu kaupanda. Skilmálar þessara viðskipta skulu liggja fyrir við undirritun sáttar þessar og skulu þeir gilda um viðskiptin í fimm ár hið minnsta.

- e. Samningur við ODR um að veita Dælunni / keyptum eignum nauðsynlega tækniþjónustu.
- f. Leigusamningar við eigendur þeirra fasteigna þar sem stöðvar N1 eru á leigulóðum með forleigurétti. Skulu leiguskilmálar að minnsta kosti vera jafn hagstæðir og þeir sem N1 hefur notið fram að þessu og gilda til sama tíma og núverandi samningar N1, þó eigi skemur en []¹ ár.
- g. Viðkomandi stöðvar eru í rekstri og með gild starfsleyfi. Skal N1 aðstoða við að tryggja að nýr aðili fái þau starfsleyfi sem þörf er á til áframhaldandi rekstrar.
- h. Náist ekki samningar í samræmi við framangreint við ODR skal N1 hafa milligöngu um að veita þjónustuna, sbr. 7. gr. sáttarinnar hér að framan.

Skal N1 heimilt að selja frekari eignir til kaupandans. Telji kaupandi sig þurfa sérstaka þjónustu frá N1 til þess að tryggja samfellu í rekstrinum skal N1 veita kaupandanum þá þjónustu á kostnaðarverði í að hámarki eitt ár frá kaupunum.

Samskipti vegna eldsneytisviðskipta kaupanda seldra eigna og N1 skulu fara fram á grundvelli 4. gr. sáttarinnar, þ.e. í gegnum heildsölutengilið N1.

11. gr.

Kröfur til kaupanda eldsneytisstöðva N1

Tilgangur með sölu á eldsneytisstöðvum N1 er að efla samkeppni. Skulu stöðvarnar því aðeins seldar til aðila sem er til þess fallinn og líklegur til að veita N1 og öðrum keppinautum umtalsvert samkeppnislegt aðhald. Að lágmarki verður kaupandi að:

- a. Kaupa allar þær stöðvar sem til sölu er. Stöðvarnar ber því að selja í einu lagi.
- b. Vera óháður og ekki í neinum eignatengslum við N1 og aðra keppinauta á eldsneytismarkaði.
- c. Búa yfir nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti til bæði skemmri og lengri tíma veitt keppinautum umtalsvert samkeppnislegt aðhald.

Til viðbótar má sala til viðkomandi kaupanda ekki skapa nein samkeppnisleg vandamál. Má kaupandi t.d. ekki vera mikilvægur birgi N1.

12. gr.

Sala á verslun Festi á Hellu

Í því skyni að efla samkeppni utan höfuðborgarsvæðisins skuldbindur N1 sig til þess að selja rekstur verslunar Kjarvals á Hellu.

¹ Trúnaðarmál.

Skal eftirfarandi fylgja með í kaupunum nema kaupandi afþakki:

- a. Hillur, birgðir, kælikerfi, afgreiðslukassar, merkingar, tölvur og skjáir, afgreiðslukerfi og annað sem tilheyrir viðkomandi verslun.
- b. Samningar við starfsmenn verslunarinnar.
- c. Allir samningar sem rekstrinum tilheyra og leyfi veitt af opinberum aðilum svo sem skipulagsyfirvöldum.
- d. Leigusamningur um fasteign Kjarvals á Hellu til []² ára ásamt forleigurétti. Skulu leiguskilmálar að minnsta kosti vera jafn hagstæðir og þeir sem seljandi hefur notið fram að þessu.
- e. Öll leyfi og réttindi sem tilheyra verslun Kjarvals á Hellu að því leyti sem þau eru framseljanleg. Leyfa sem ekki eru framseljanleg skal N1 aðstoða kaupanda við að afla eftir föngum.

Skal verslunin aðeins seld til aðila sem er til þess fallinn og líklegur til að veita umtalsvert samkeppnislegt aðhald við sölu dagvara á svæðinu. Skal kaupandi vera óháður og ekki í neinum tengslum við N1. Einnig skal kaupandi búa yfir nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti til bæði skemmri og lengri tíma veitt umtalsvert samkeppnislegt aðhald.

13. gr.

Ef ekki tekst að selja eignir

Nú tekst N1 ekki að selja þær eldsneytisstöðvar sem taldar eru upp í 10. gr. innan þess frests sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 15. gr. sáttarinnar. Skal N1 þá [

]³

Nú tekst ekki að selja verslun Kjarvals á Hellu, sbr. ákvæði 12. gr. innan þess frests sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 15. gr. sáttarinnar. Skal N1 þá [

]⁴

14. gr.

Skuldbindingar N1 vegna hinna seldu eigna

N1 skal ekki, áður en sala eignanna fer fram, grípa til aðgerða í því skyni eða sem eru til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu, verðmæti eða seljanleika hins selda.

² Trúnaðarmál.

³ Trúnaðarmál.

⁴ Trúnaðarmál.

Skal N1 aðgreina rekstur þeirra eigna sem taldar eru upp í þessum kafla sáttarinnar við undirritun hennar og halda sérstakt bókhald fyrir þær, bæði fyrir stofn- og rekstrarkostnað, sem kynna má fyrir væntanlegum kaupendum. Skal óháðum kunnáttumanni falið að hafa eftirlit með því að reksturinn sé aðgreindur og í eðlilegu horfi. Skal N1 sérstaklega gæta þess að upplýsingum um hinar seldu eignir sé haldið aðgreindum í tölvukerfum N1 auk þess sem N1 skal koma sér upp aðgangsstýringu sem kemur í veg fyrir að aðrir starfsmenn en þeir sem sinna málefnum stöðvanna eða verslananna, hafi aðgang að upplýsingunum.

[

]⁵

N1 skal ekki falast eftir að kaupa hinar seldu eignir aftur næstu tíu árin eftir sölu eignanna eða taka yfir leigusamninga eða aðra samninga sem þeim tengjast. Auk þess skal N1 ekki reyna að ráða verslunarstjóra eða aðra mikilvæga starfsmenn hins selda hvorki í kjölfar né aðdraganda sölunnar. Sama skuldbinding og í ákvæði þessu greinir hvílir á félögum í beinni eða óbeinni eigu N1.

Í kjölfar þess að endanlega hefur verið gengið frá sölu hinna seldu eigna skal N1 eyða þeim viðkvæmu viðskiptaupplýsingum sem fyrirtækið býr yfir um hinar seldu eignir að því marki sem félaginu er það heimilt og tæknilega mögulegt.

15. gr.

Fyrri og seinna sölutímabil

Skal N1 hafa forræði á sölu eignanna á fyrri sölutímabili sem skal standa yfir í að hámarki []⁶. Fyrri sölutímabil skiptist í tvo hluta:

- a. Frestur til þess selja eldsneytisstöðvar sem tilgreindar eru í 10. gr. er []⁷. Skal fresturinn byrja að líða þegar sátt þessi kemur til framkvæmda samkvæmt 32. gr. Hið sama gildir um frest til að selja verslunina á Hellu.
- b. [

]⁸

Að fengnum meðmælum óháðs kunnáttumanns getur Samkeppniseftirlitið lengt frest samkvæmt a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Heildarfrestur á fyrri sölutímabili samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal þó aldrei vera lengri en []⁹.

⁵ Trúnaðarmál

⁶ Trúnaðarmál.

⁷ Trúnaðarmál.

⁸ Trúnaðarmál.

⁹ Trúnaðarmál.

Takist ekki sala eignanna á fyrra sölutímabili skal sjálfstæðum söluaðila falið að annast sölu eignanna á síðara sölutímabili sem skal standa að hámarki í []¹⁰ frá lokum fyrra sölutímabilsins. Sala eignanna skal því ekki taka lengri tíma en samtals []¹¹.

16. gr.

Mat á tilboðum og kaupendum

Kaupandi eldsneytisstöðva skal uppfylla skilyrði 11. gr. og kaupandi verslunarinnar á Hellu []¹² skal uppfylla skilyrði 3. mgr. 12. gr. sáttarinnar.

Við mat á tilboðum í þær eignir sem selja á skal líta til verðs, hæfis kaupenda og þess hversu líklegt sé að þeir muni efla samkeppni á markaði. Nú bjóða tveir eða fleiri aðilar, sem uppfylla skilyrði 11. gr., áþekkt verð fyrir eldsneytisstöðvarnar og skal þá velja þann aðila sem líklegastur er til þess að veita sem mest samkeppnislegt aðhald. Hið sama á við um aðrar eignir sem selja skal.

Viðkomandi kaupsamning skal gera með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. N1 skal senda eftirlitinu greinargerð þar sem rökstuddar eru ástæður þess að viðkomandi kaupandi var valinn. Skal m.a. rökstyðja með hvaða hætti kaupandi er talinn uppfylla skilyrði 11. gr. eða 3. mgr. 12. gr. sáttarinnar.

Skal halda óháðum kunnáttumanni upplýstum um framgang söluférlisins. Óháður kunnáttumaður skal í rökstuddu álitu til Samkeppniseftirlitsins lýsa mati sínu á viðkomandi kaupanda.

Kaupsamningur, greinargerð N1 og álit óháðs kunnáttumanns skulu berast Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en sjö dögum eftir undirritun kaupsamnings. Samkeppniseftirlitið skal innan tíu virkra daga frá því tímamarki samþykkja eða synja N1 um sölu. Skal henni synjað ef hún eyðir ekki samkeppnislegum vandamálum eða skapar ný samkeppnisleg vandamál, kaupandi telst ekki trúverðugur nýr keppinautur eða salan brýtur í bága við skilyrði þessi.

17. gr.

Síðara sölutímabil

Hafi hinar seldu eignir, []¹³, ekki selst á fyrra sölutímabili, í samræmi við skilyrði 16. gr., skal skipaður sjálfstæður söluaðili. Skal það gert áður en fyrra sölutímabili er lokið. Má skipa hvort heldur sem er einstakling eða lögaðila sem söluaðila. Skal viðkomandi vera lögráða, fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld sé um einstaklinga að ræða.

¹⁰ Trúnaðarmál.

¹¹ Trúnaðarmál.

¹² Trúnaðarmál.

¹³ Trúnaðarmál.

Skal söluaðili hafa reynslu af viðskiptum með fyrirtæki eða eignir sambærilegar því sem selja skal. Skal söluaðili skipaður af Samkeppniseftirlitinu eftir ábendingu samrunaaðila. Sinni söluaðili ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan. Söluaðili skal vera óháður samrunaaðilum þannig að ekki séu stjórnunar- eða eignatengsl á milli hans og samrunaaðila. Þá skal söluaðilinn ekki hafa unnið ráðgjafarstörf fyrir samrunaaðila tvö síðustu árin fyrir undirritun sáttar þessarar.

Hlutverk söluaðila er að tryggja að markmiðum sáttar þessarar verði náð. Það skal hann gera með því að selja þær eignir sem selja skal samkvæmt sátt þessari. Með undirritun á sátt þessari fellst N1 á eftirfarandi:

- a. Söluaðili hefur fulla heimild og umboð til að selja viðkomandi eignir og gera skuldbindandi kaupsamning þar að lútandi.
- b. Söluaðili ákveður söluverðið []¹⁴.

Skal söluaðili leitast við að tryggja að eignirnar verði seldar til aðila sem er líklegastur til að veita hvað mesta samkeppni og stuðla þannig að því að markmiðum þessarar sáttar verði náð. Á sama tíma skal söluaðili leitast við að ná fram sem hagstæðustu verði fyrir þessar eignir N1. Meginskylda söluaðila er hins vegar að tryggja að markmið sáttarinnar nái fram að ganga.

Þegar söluaðila berst tilboð, sem hann telur stuðla að markmiði sáttarinnar að svo miklu leyti sem unnt er miðað við aðstæður, skal hann ganga til samninga við tilboðsgjafa. Þetta skal söluaðili þá aðeins gera þegar hann telur útséð að ekki berist tilboð sem tryggi betur markmið sáttarinnar og feli í sér hærra verð fyrir eignir N1.

Viðkomandi kaupsamning skal gera með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Söluaðili skal senda eftirlitinu greinargerð þar sem rökstuddar eru ástæður þess að viðkomandi kaupandi var valinn.

Skal halda óháðum kunnáttumanni upplýstum um framgang söluferlisins. Óháður kunnáttumaður skal í rökstuddu álit til Samkeppniseftirlitsins lýsa mati sínu á viðkomandi kaupanda.

N1 skal gefið tækifæri á að tjá sig um sölu áður en af henni verður.

Kaupsamningur, greinargerð söluaðila, álit óháðs kunnáttumanns og sjónarmið N1 skulu berast Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en sjö dögum eftir undirritun kaupsamnings. Samkeppniseftirlitið skal innan tíu virkra daga frá því tímamarki samþykkja eða synja sölu. Skal henni synjað ef Samkeppniseftirlitið telur sölu ekki tryggja markmið sáttarinnar eins

¹⁴ Trúnaðarmál.

og unnt er miðað við aðstæður. Skal Samkeppniseftirlitið þá gefa söluaðila fyrirmæli um lokatilraun til sölu.

18. gr.
Kostnaður

Kostnaður sem til fellur vegna söluaðila skal greiddur af samrunaaðilum.

19.gr.
Leiga á aðstöðu

Í því skyni að vernda og efla samkeppni á höfuðborgarsvæðinu skuldbindur N1 sig til þess, þegar leigusamningur Atlantsólú á Bíldshöfða 20 rennur út, að bjóða út rekstur afgreiðslunnar til aðila á eldsneytismarkaðnum sem rekur ekki eldsneytisstöð innan 1,5 km fjarlægðar frá Bíldshöfða 20. Skuldbindur N1 sig jafnframt til þess að setja ekki upp eldsneytisafgreiðslu við Bíldshöfða 20.

Atlantsólú er heimilt að setja fram tilboð um áframhaldandi leigu á umræddri aðstöðu.

N1 skal auglýsa aðstöðuna til leigu áður en gildandi leigusamningur Atlantsólú rennur út. Við mat á tilboðum skal horfa til getu og hvata bjóðenda til að efla samkeppni á markaði. Semja skal við þann bjóðanda sem líklegastur er til þess að veita sem mest samkeppnislegt aðhald. Það er hins vegar ekki skylt að semja við umræddan bjóðanda ef viðkomandi býður leiguverð sem er sannanlega óeðlilega lágt, t.d. mun lægra en það verð sem Atlantsólía hefur greitt fyrir aðstöðuna. Leiguverð skal vera í formi fastra reglulegra greiðslna og skilmálar að öðru leyti vera málefnalegir.

Leigusamningur skal vera til að lágmarki til []¹⁵ ára en miða skal við að gerður sé []¹⁶ ára samningur í senn og byggjast á reglulegum greiðslum til handa leigusala, þ.e. hann skal ekki byggja á gjaldi fyrir hvern seldan lítra leigutaka. Við lok leigusamningsins skal heimilt að framlengja samninginn um fimm ár án undangenginnar auglýsingar. Að þeim tíma liðnum skal N1 auglýsa viðkomandi aðstöðu á nýjan leik.

Óháður kunnáttumaður skal fara yfir þau tilboð sem berast og mat N1 á þeim. Skal N1 endurmeta tilboðin geri kunnáttumaðurinn athugasemdir við mat N1. Skal kunnáttumaðurinn vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á því ef hann telur að N1 hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til athugasemda hans.

Nú berast engin tilboð í viðkomandi rekstur og skal N1 þá annast hann áfram en auglýsa til leigu að nýju ári síðar. Komi til þess að leigutaki verði gjaldþrota eða geti af einhverjum ástæðum ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt leigusamning skal N1 heimilt að taka yfir viðkomandi afgreiðslu og reka til eigi lengri tíma en eins árs. Að þeim tíma liðnum skal N1 auglýsa reksturinn til leigu á ný.

¹⁵ Trúnaðarmál.

¹⁶ Trúnaðarmál.

Yfirráð yfir Bíldshöfða 20 eru ekki aðeins í höndum N1. Náist um það samkomulag við meðeiganda N1 að Bíldshöfða 20 skal N1 heimilt að selja rétt til hagnýtingar aðstöðunnar á Bíldshöfða 20 til kaupanda samkvæmt IV. kafla sáttarinnar eða aðila sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar til leigu eða kaupa á aðstöðunni. Framkvæmd slíkrar sölu skal að öðru leyti vera í samræmi við kröfur IV. kafla sáttarinnar.

V. Samskipti og samstarf við Samkaup

20. gr.

Afgreiðslur við verslanir Samkaupa, trúnaður o.fl.

Í gildi er viðskiptasamningur milli N1 og Samkaupa um samrekstur við verslanir Samkaupa og eldsneytisafgreiðslur N1 á Grundarfirði, Búðardal, Mývatni, Laugarvatni, Flúðum og Djúpavogi. Skal N1 tryggja að upplýsingar, sem stafa frá Samkaupum og tengjast framangreindum samningi félaganna, berist ekki til þeirra stjórnenda og starfsmanna N1 sem annast dagvöruverslun á vegum N1.

Af samruna þessa máls leiðir að N1 verður keppinautur Samkaupa á dagvörumarkaði. Skal N1 sérstaklega gæta þess að öll samskipti við Samkaup séu í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga en það er á ábyrgð keppinauta að meta hvort samstarf þeirra sé samþýðanlegt 10. gr. samkeppnislaga, sbr. og 15. gr. laganna. Skal N1 jafnframt óska eftir viðræðum við Samkaup. Tilgangur þessara viðræðna er að meta hvort gera skuli breytingar á efni núgildandi samnings til þess að tryggja að hann sé samþýðanlegur 10. gr. samkeppnislaga og eftir atvikum gera á honum breytingar í ljósi breyttra aðstæðna. Skal N1 beita sér fyrir því, eins og unnt er, að þessari endurskoðun sé lokið innan þriggja mánaða frá undirritun þessarar sáttar. Skal óháður kunnáttumaður fylgjast með þessu ferli.

N1 skal halda skrá um öll samskipti á milli N1 og Samkaupa sem af samningnum leiða og deila henni með óháða kunnáttumanninum eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Skal óháði kunnáttumaðurinn vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á samskiptum sem hann telur að kunni að brjóta í bága við sátt þessa eða samkeppnislög.

21. gr.

Endurnýjun samnings

Hafi N1 og Samkaup áhuga á að gera nýjan viðskiptasamning varðandi sjálfsafgreiðslur við framangreindar verslanir Samkaupa skal hann borinn undir kunnáttumann áður en N1 skrifar undir samninginn. Kunnáttumaður skal þá meta, með hliðsjón af aðstæðum á markaði á viðkomandi tíma og efni mögulegs nýs samnings N1 og Samkaupa, hvort nýr samningur sé í samræmi við markmið sáttarinnar og verndi eða efli samkeppni. Skal kunnáttumaður senda Samkeppniseftirlitinu rökstutt álit þar að lútandi.

Mæli kunnáttumaður með gerð nýs samnings, og geri Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við það mat, er N1 heimilt að semja á ný við Samkaup. Ekki skal hins vegar undirrita nýjan

samning fyrir en kunnáttumanni hefur verið kynnt efni hans. Mæli kunnáttumaður gegn gerð nýs samnings skal Samkeppniseftirlitið leita sjónarmiða N1 og Samkaupa áður en það tekur afstöðu til samningsins.

22. gr.

Skuldbindingar N1

Í samruna þessa máls felst að N1 og Samkaup verða keppinautar á dagvörumarkaði. Tryggt skal að eldsneytisafgreiðslur N1 við framangreindar verslanir Samkaupa raski ekki samkeppnistöðu Samkaupa. Óháð tilvist viðskiptasamnings milli N1 og Samkaupa skal N1 halda áfram rekstri með óbreyttu sniði við framangreindar verslanir Samkaupa. Í því felst að N1 skal reka áfram eldsneytissjálfsagreiðslur sem bjóða a.m.k. upp á bensín og dísil undir vörumerkinu N1. Skal N1 selja eldsneyti á sama verði á þessum stöðvum og gert er á öðrum sambærilegum stöðvum félagsins sem reknar eru undir sama vörumerki. Vörumerki sem N1 notar við verslanir Samkaupa skal ekki vera það sama og vörumerki dagvöruverslana N1. Skal vildarkerfi N1 taka til umræddra sjálfsala við verslanir Samkaupa með sama hætti og við aðra sjálfsafgreiðslustöðvar.

N1 skal veita Samkaupum forkaups- eða forleigurétt að þeim eignum og réttindum sem N1 hefur yfir að ráða á framangreindum staðsetningum, óski Samkaup eftir því. Skal gengið frá samningum þess efnis innan mánaðar frá því að slík ósk berst frá Samkaupum.

Hætti N1 rekstri eldsneytisafgreiðslu á framangreindum staðsetningum skal N1 í því tilviki afsala sér einkaafnotarétti sínum til lóðanna sem um ræðir, sé hann fyrir hendi, þannig að slíkur einkaafnotaréttur falli niður.

VI. Samkeppnislegt sjálfstæði N1

23. gr.

Samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna

Stjórnarmenn og lykilstarfsmenn N1 skulu ekki vera tengdir keppinautum fyrirtækisins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eigið eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum fyrir keppinauta N1 skulu ekki sitja í stjórn N1. Með lykilstarfsmanni er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem telst vera fruminnherji í N1, eða í sambærilegri stöðu, á hverjum tíma.

Skal N1 mæla fyrir um meðferð trúnaðarupplýsinga í starfsreglum stjórnar og gæta að því að upplýsingakerfi sem stjórn félagsins hefur aðgang að innihaldi aðeins þau gögn sem stjórn eru nauðsynleg vegna starfa sinna.

24. gr.**Eignarhlutir hluthafa N1 í keppinautum raski ekki samkeppni**

Stjórnarmönnum og lykilstarfsmönnum N1 er óheimilt að taka tillit til eða gæta hagsmuna sem hluthafar í N1 kunna að hafa vegna eignarhluta í keppinautum N1. Hvað aðgerðir á markaði áhrærir skulu stjórnarmenn og lykilstarfsmenn N1 stuðla að því að félagið veiti öllum keppinautum sínum öflugra samkeppni.

Til stuðnings því sem fram kemur í 1. mgr. skal N1 tryggja eftir því sem kostur er að umræddir hagsmunir, sem kunna að leiða af eignarhlutum hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum félagsins, hafi ekki áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi rekstur N1 og hegðun á markaði. Í samkeppnisréttaráætlun skulu áréttáðar skyldur stjórnarmanna og lykilstarfsmanna að þessu leyti.

Stjórn og lykilstarfsmenn N1 skulu haga samskiptum sínum við hluthafa félagsins með þeim hætti að ekki skapist hætta á að samkeppni sé raskað. Meðal annars skal tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum N1.

25. gr.**Samkeppnisstefna**

N1 skal setja félaginu samkeppnisstefnu sem skal lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Skal í stefnunni kveðið á um háttsemi stjórnar og starfsmanna félagsins, skyldur félagsins samkvæmt sátt þessari og samkeppnislögum og fela í sér háttættisreglur fyrir hluthafa N1.

26. gr.**Samkeppnisréttaráætlun**

N1 skal tryggja að stjórnarmenn, stjórnendur, lykilstarfsmenn og aðrir starfsmenn félagsins, sem félagið telur sátt þessa varða, séu að fullu upplýstir um sáttina og samkeppnislög og þær kröfur sem af þessu leiða. Skal m.a. eftirfarandi tryggt í þessu sambandi:

- a. Að sett verði samkeppnisréttaráætlun.
- b. Að samkeppnisréttaráætlun sé haldið við og útbúnir verði verkferlar sem tryggja stöðuga framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar.
- c. Að lágmarki skal eftirfarandi koma fram í samkeppnisréttaráætlun:
 - i. Lýsing á markmiði þessarar sáttar og skyldum sem af henni leiða.
 - ii. Árétting á mikilvægi þess að N1 veiti öllum keppinautum sínum sem öflugasta samkeppni.
 - iii. Árétting á banni við að taka tillit til hagsmuna sem hluthafar í N1 kunna að hafa vegna eignarhluta í keppinautum N1.
 - iv. Árétting á kröfum 10. gr. samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta og banni við samráði.
 - v. Árétting á banni við því að óska eftir eða taka við upplýsingum frá ODR sem varða keppinauta N1.

- vi. Árétting á meðferð viðkvæmra viðskiptaupplýsinga um viðskiptavini sem N1 kann að búa yfir vegna heildsölu sinnar á eldsneyti til keppinauta eða vegna eignarhlutar félagsins í ODR.

27. gr.

Skráning samskipta

N1 skal halda skrá yfir öll samskipti starfsmanna félagsins við keppinauta. Skulu að lágmarki skráð niður dagsetning samskipta, tímalengd, form, efni og stutt reifun á innihaldi þeirra. Skrá um samskipti skal geymd í a.m.k. fimm ár.

Stjórnarmenn, stjórnendur og lykilsstarfsmenn N1 skulu halda skrá yfir öll samskipti sín við hluthafa N1 sem jafnframt eiga hlut í keppinautum N1. Skulu að lágmarki skráð niður dagsetning samskipta, tímalengd, form, efni og stutt reifun á innihaldi þeirra. Skrá um samskipti skal geymd í a.m.k. fimm ár.

28. gr.

Yfirlýsing

Stjórn N1, stjórnendur og lykilstarfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu. Afhenda skal Samkeppniseftirlitinu afrit yfirlýsingarinnar. Í henni skal koma eftirfarandi fram:

- a. Að viðkomandi hafi kynnt sér efni sáttarinnar og lýsi því yfir að hann eða hún muni starfa eftir henni.
- b. Að viðkomandi muni beita sér fyrir því, eftir því sem staða hans eða hennar leyfir, að innan N1 verði gripið til vandaðra ráðstafana (t.d. með skilgreindu verklagi eða ferlum) sem ætlað sé að tryggja að í daglegri starfsemi fyrirtækisins sé fyrirmælum þessarar sáttar fylgt.

29. gr.

Viðræður við hluthafa N1

Rannsókn samruna þessa máls hefur leitt í ljós að sameinað fyrirtæki mun verða í eignarhaldi hluthafa sem eiga eignarhluti í helstu keppinautum samrunaaðila. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi aðstaða geti leitt til röskunar á samkeppni og að bregðast verði við henni, sbr. m.a. ákvæði þessa kafla.

Til viðbótar ákvæðum þessarar sáttar mun Samkeppniseftirlitið eiga viðræður við hluthafa um mögulegar skuldbindingar og nauðsynlegar aðgerðir af þeirra hálfu.

N1 skuldbindur sig til þess að greiða fyrir og styðja við aðgerðir skv. 2. mgr. sem miða að sem mestu samkeppnislegu sjálfstæði félagsins gagnvart keppinautum sínum.

VII. Eftirlit o.fl.**30. gr.****Óháður kunnáttumaður**

N1 skal tilnefna óháðan kunnáttumann. Fallist Samkeppniseftirlitið á tilnefninguna skal Samkeppniseftirlitið skipa kunnáttumanninn til fimm ára. Hafni Samkeppniseftirlitið tilnefningunni skal N1 tilnefna nýjan kunnáttumann innan tveggja vikna. Skal óháði kunnáttumaðurinn vera ótengdur N1.

Hlutverk kunnáttumanns er að hafa almennt eftirlit með að því að skilyrðum í sátt þessari sé fylgt eftir og markmiði hennar náð. Í þessu felst m.a. að kunnáttumaður:

- a. Fylgist með því að ákvæðum um aukinn aðgang að heildsölu N1 sé fylgt eftir, sbr. II. kafla sáttarinnar.
- b. Fylgist með því að ákvæðum um aukinn aðgang að þjónustu ODR sé fylgt eftir, sbr. III. kafla sáttarinnar og viðauka.
- c. Fylgist með undirbúningi og sölutilraunum á viðkomandi eignum, sbr. IV. kafla.
- d. Fylgist með því að verðmæti, seljanleiki eða samkeppnisstaða viðkomandi eigna sé ekki rýrð á meðan sölufurli stendur yfir, sbr. IV. kafla.
- e. Fylgist með starfi sjálfstæðs söluaðila ef til þess kemur að hann verði skipaður, sbr. IV. kafla.
- f. Leggur mat á tilboð í eignir sem berast og skilar rökstuddu álitni til Samkeppniseftirlitsins, sbr. IV. kafla.
- g. Fylgist með leigu og eftir atvikum sölu á aðstöðu að Bíldshöfða 20 og leggur mat á tilboð sem berast, sbr. IV. kafla.
- h. Fylgist með því að ákvæði um samskipti N1 og Samkaupa sé fylgt, sbr. V. kafla.
- i. Leggur mat á mögulega ósk Samkaupa um endurnýjun samnings, sbr. V. kafla.
- j. Fylgist með að ákvæðum sem ætlað er að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði N1 og vinna gegn skaðlegum hagsmunaárekstrum sé fylgt eftir, sbr. V. kafla.
- k. Fylgist með því að ákvæðum sáttarinnar sem varða samskipti við keppinauta og meðferð trúnaðarupplýsinga sé fylgt eftir með trúverðugum hætti, sbr. II., III. og IV. kafla.
- l. Vekur athygli Samkeppniseftirlitsins á því ef hann telur, að beint eða óbeint, sé unnið gegn því að markmiði sáttarinnar sé náð. Dæmi um þetta gætu verið óútskýrðar tafir eða óvönduð vinnubrögð við að framfylgja fyrirmælum sáttarinnar.

Þeim aðilum sem rétt eiga samkvæmt sáttinni á heildsöluviðskiptum við N1 eða að þjónustu ODR er heimilt að leita liðsinnis og leiðbeiningar kunnáttumanns. Hið sama gildir um þá sem hafa áhuga á bjóða í eignir sem eru til sölu eða leigu samkvæmt sáttinni.

Skal N1 veita óháðum kunnáttumanni allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð sem hann óskar eftir. Hið sama gildir um sjálfstæðan söluaðili verði hann skipaður. N1 skal tryggja að ODR veiti einnig óháðum kunnáttumanni allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð sem hann óskar eftir.

Komi upp óvænt tilvik sem krefjast þess að kunnáttumaður leiti utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar skal hann senda Samkeppniseftirlitinu rökstudda beiðni þess efnis. Samkeppniseftirlitið skal leita sjónarmiða N1 um beiðni kunnáttumanns. Eigi beiðni kunnáttumanns við rök að styðjast skal N1 greiða fyrir kostnað við þá sérfræðiaðstoð sem aflað verður.

Sinni óháði kunnáttumaðurinn ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan að fenginni tilnefningu N1.

N1 ber allan kostnað af starfi kunnáttumanns og eftir atvikum af utanaðkomandi sérfræðiaðstoð. Nánar skal mæla fyrir um eftirlit kunnáttumanns í samningi hans við N1. Samningur við kunnáttumann skal borinn undir Samkeppniseftirlitið. Skal kunnáttumaður þegar hefja störf ef Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við samninginn.

31. gr.

Endurskoðun fresta

N1 skal heimilt að óska eftir framlengingu á þeim frestum sem settir eru í ákvörðun þessari. Skal óskað eftir framlengingu eigi síðar en mánuði áður en frestur rennur út nema upp komi sérstakar aðstæður fyrir lok frests. Skal beiðni um framlengingu vera rökstudd. Óháði kunnáttumaðurinn skal gefa rökstutt álit á slíkri beiðni.

32. gr.

Framkvæmd samrunans

Heimilt er að hefja framkvæmd á samruna þessa máls þegar óháður kunnáttumaður hefur tekið til starfa.

33. gr.

Viðurlög o.fl.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari geta varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Sátt þessi tekur til N1 og þeirra fyrirtækja sem N1 hefur yfirráð yfir, þ.m.t Festi. Sáttin gildir einnig um þau fyrirtæki sem sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við þeirri atvinnustarfsemi sem N1 og Festi sinna í dag. Allar breytingar á skipulagi N1 samstæðunnar skulu kynntar Samkeppniseftirlitinu.

Reykjavík, 30. júlí 2018

F.h. Samkeppniseftirlitsins

F.h. N1 hf.

VIÐAUKI VIÐ SÁTT**Tillaga til hluthafafundar Olíudreifingar ehf.**

Olíudreifing (hér eftir ODR) skal veita þjónustu tengda eldsneyti þeim aðilum sem eftir því óska án mismununar, á sanngjörnum og eðlilegum kjörum (e. *fair, reasonable and non-discriminatory terms*). Verðskrá og þjónustuskilmálar ODR skulu byggjast á málefnalegum viðskiptalegum forsendum og vera í samræmi við markmið sáttar N1 og Samkeppniseftirlitsins. Nánar til tekið skal eftirfarandi gilda um veitingu þjónustunnar:

1. Verðskrá

- a. ODR skal setja sér verðskrá sem byggð er á kostnaði við að veita þjónustuna. Skulu magnafslættir og aðrir afslættir byggja á viðskiptalegum forsendum svo sem auknu hagræði við að afgreiða mikið magn í einu.
- b. ODR skal heimilt að gera skuldbindandi samninga um ráðstöfun birgðarýmis til lengri tíma, þó ekki lengur en 3ja ára í senn, ef um er að ræða nauðsynlega skuldbindingu vegna viðskiptasamninga sem viðskiptavinir ODR gera við lykileldsneytisnotendur á svæðinu, enda sé slíkur samningur forsenda þess að hægt verði að bjóða umsamin samningsverð.
- c. Gjald vegna birgðarýmis skal endurspeglar kostnað vegna reksturs viðkomandi birgðarýmis, þ.m.t. afskriftir, auk hæfilegrar ávöxtunar á heildarfjármagni (heildarfjárfestingu) sem bundið er í rekstri hvers birgðatanks. Skal heimilt að leggja sérstakt gjald á viðskiptavini sem óska eftir miklu magni birgðarýmis með skömmum fyrirvara enda leiði það til aukins kostnaðar.
- d. Verðskráin skal vera aðgengileg og gagnsæ.
- e. Skal sama verðskrá gilda fyrir alla viðskiptavini ODR.

2. Þjónustustig

- a. Skal þjónusta ODR veitt á jafnræðisgrundvelli þannig að afgreiðsluhraði, skilmálar og þjónustustig sé hið sama.
- b. Skal öll þjónusta ODR standa hverjum sem er til boða, þar með talið dreifing og birgðahald.
- c. Skal ODR ekki mismuna viðskiptavinum nema til þess standi sannanlega málefnalegar ástæður.
- d. Skal ODR ekki miðla neinum upplýsingum sem félagið kann að búa yfir um viðskiptavini til hluthafa eða annarra viðskiptavina félagsins. Skal engum upplýsingum um fyrirspurnir tilvonandi viðskiptavina miðlað til þriðju aðila, þ.m.t. hluthafa ODR.

3. Birgðarými

- a. ODR skal gæta þess að nægilegt birgðarými sé fyrir hendi til þess að þjónusta alla viðskiptavini félagsins enda séu frekari fjárfestingar hagkvæmar.
- b. Skal ODR bjóða viðskiptavinum að leigja ákveðið magn birgðarýmis til lengri tíma ef eftir því er óskað. Skal þess gætt að með því sé ekki dregið úr möguleikum ODR til þess að þjónusta aðra viðskiptavini félagsins, sbr. b. lið 1. tl.

4. Skilyrði fyrir veitingu þjónustu

- a. ODR skal aðeins heimilt að setja það sem skilyrði fyrir viðskiptum að fullnægjandi leyfi og nauðsynlegar tryggingar séu til staðar hjá kaupanda. Skal einnig heimilt að meta greiðsluhæfi tilvonandi viðskiptavina og setja greiðslufresti til samræmis við greiðsluhæfi þeirra.
- b. ODR skal heimilt að segja upp viðskiptum komi upp veruleg vanefnd á skilmálum félagsins svo sem vegna verulegra vanskila.

5. Viðskipti við hluthafa

- a. Viðskipti ODR við hluthafa skulu vera eins og um ótengda aðila sé að ræða.

6. Rekstrarlegur aðskilnaður

- a. Tryggja skal fullt sjálfstæði ODR í rekstri þannig að hluthafar félagsins hafi ekki áhrif á einstakar ákvarðanir félagsins nema þar sem þörf er á aðkomu þeirra samkvæmt ákvæðum laga svo sem hlutafélagalaga. Skal ODR ekki rekin í sama húsnæði og hluthafar fyrirtækisins og ekki reiða sig á aðstoð hluthafa sinna varðandi einstaka þætti í rekstrinum.

7. Sjálfstæði stjórnar og stjórnenda

- a. Stjórnarmenn í ODR skulu vera óháðir hluthöfum félagsins. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá hluthöfunum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem hluthafarnir eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður hluthöfunum eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.
- b. Þeir sem eru skipaðir í stjórn ODR, framkvæmdastjóri (forstjóri) og lykilstarfsmenn skulu ekki vera tengdir keppinautum ODR eða viðskiptavinum félagsins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu þeirra eða eignarhald.

8. Vernd trúnaðarupplýsinga

- a. Stjórn og starfsmenn ODR skulu haga samskiptum við hluthafa ODR með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim markaði sem ODR eða hluthafar starfa sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa ODR skal þess gætt að veita aðeins nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geta samkeppni berist ekki til þeirra.

9. Annað

- a. ODR skal upplýsa starfsmenn um samþykkt þessa og gæta þess að gerðar séu viðeigandi breytingar á verklagi.

- b. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri ODR skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér samþykkt þessa svo og sátt hluthafa félagsins við Samkeppniseftirlitið og skuldbindi sig til þess að starfa í samræmi við hana.
- c. ODR skal staðfesta að framangreind fyrirmæli, sem tilgreind eru í viðauka þessum, séu skuldbindandi gagnvart félaginu og að því sé ljóst að brot á þeim geti varðað viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum, sbr. og 3. mgr. 2. gr. sáttarinnar.
- d. Óháðum kunnáttumanni sem hafa skal eftirlit með sátt Samkeppniseftirlitsins við hluthafa skal heimilt að óska eftir upplýsingum um viðskipti ODR við þriðja aðila til þess að meta hvort skilyrði viðkomandi sáttar sé fullnægt.

10. Skuldbinding ODR gagnvart Samkeppniseftirlitinu

- a. Stjórn og framkvæmdastjóri ODR skulu undirrita sátt við Samkeppniseftirlitið, á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem fyrirtækið undirgengst þær kvaðir sem fjallað er um í samþykkt þessari ásamt þeim kvöðum sem varða ODR og fjallað er um í sátt N1 og Samkeppniseftirlitsins. Skal í sátt Samkeppniseftirlitsins og ODR kveðið á um að brot á þeim skilyrðum sem varða ODR varði viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.